

SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 2. tbl. 19. árg. 2013

SOS-mæður þurfa líka áfallahjálp

Atburðarásin sem enginn sá fyrir

Hvert fóru framlögin?

Kata og hjólastóllinn

Með sólinni í liði



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Barnaþorpið í Mombasa í Kenú fær allt sitt rafmagn með sólarorku og nú á haustdögum hefjast framkvæmdir við uppsetningu sólarorkukerfis í Dassa í Benín og er verkefnið að hluta til fjármagnað frá Íslandi.



MEÐ SÓLINNI Í LIÐI

SOS Barnaþorpin á Íslandi taka nú þátt í að fjármagna sólarorkuvæðingu SOS Barnaþorps í Afríkurlíkinu Benín. Fyrir í sumar fengu fjölmargir styrktaraðilar okkar bréf sent heim með upplýsingum um verkefnið og hvernig hægt er að leggja því lið.

SOS Barnaþorpin hafa starfað í Dassa í Benín frá árinu 2005. Benín er eitt af þeim ríkjum Afríku sem framleiðir lítið rafmagn og þarf að reiða sig á rafmagn frá nágrennaríkjum sínum eða frá dísilknúnum rafstöðvum. Rafmagnnið frá nágrennaríkjunum er mjög óstöðugt og rafstöðvunum fylgir mikil mengun og óþrifnaður auk þess sem slíkt rafmagn er mjög dýrt.

Verkfræðingar gerðu úttekt í Dassa og komust að því að rafmagnsframleiðsla með sólarorku væri mjög hagkvæmur kostur. Þess vegna var ákveðið að skipta

yfir í þennan umhverfisvæna orkugjafa. Hundruð skjólstaðinga okkar munu njóta góðs af, þar af um 120 munaðarlaus og yfirgefin börn sem fengið hafa heimili í barnaþorpinu á staðnum, auk nokkur hundruð barna úr nágrenninu sem stunda nám í leikskóla og grunnskóla SOS á staðnum.

Auk kaupa á sjálfum sólarorkubúnaðinum þarf að skipta út raftækjum, lýsingu, loftkælingu, dælubúnaði fyrir vatnsból, vatnshitakerfi og raflögnum. Heildarkostnaður hleypur á milljónum en til lengri tíma lítið mun verkefnið skila miklu hagræði og draga úr mengun auk þess að bæta lífsskilyrði þeirra barna sem okkur hefur verið treyst fyrir!

Styrktaraðilar okkar hér á landi hafa brugðist vel við þessari beiðni okkar og lagt verkefninu lið. Fleiri barnaþorp verða svo sólarorkuvædd á næstu árum, enda er sólin með okkur í liði!



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ulla Magnússon
Ritstjóri: Ragnar Schram
Heimilisfang:
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: SOS-móðir ásamt tveimur börnum „sínum“ í barnaþorpi á Filabeinsströndinni.
Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.

ENN EITT METÁRIÐ

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur SOS Barnaþorpanna á Íslandi fyrir árið 2012 liggur nú fyrir og var birtur á heimasíðu okkar sos.is í byrjun júní.

Það er sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að aldrei höfum við getað sent eins mikið fé til verkefna okkar erlendis og í fyrra. Það þýðir einfaldlega að fleiri munaðarlaus og yfirgefin börn fá hjálp – hjálp sem skilar árangri. Fyrir það vil ég þakka ykkur af öllu hjarta, fyrir hönd skjólstaðinga okkar.

Heildarframlög styrktaraðila í fyrra námu 350 milljónum króna og er það aukning um 17% á milli ára. Stærstur hluti þessara framlaga kemur frá styrktarforeldrum, barnaþorpsvinum og skjólvinum, eða 63%. Önnur framlög komu frá hinu opinbera, fyrirtækjum og frjálsum styrktaraðilum.

Hvað verður um framlögin?

Af þessum 350 milljónum sendum við 87% til verkefna erlendis en 13% verða eftir hér á landi vegna reksturs, fjáröflunar og annars kostnaðar. Það er eðlileg krafa styrktaraðila að sem stærstur hluti framlaga fari úr landi og nýtist við hjálparstörf á vettvangi erlendis. Styrktaraðilar gera sér þó grein fyrir að rekstur skrifstofu hér á landi er hluti af hjálparstarfi samtakanna og þeir vita að þeim fjármunum sem varið er til að ná í nýja styrktaraðila er vel varið og raunar telst 13% mjög lágt hlutfall í þessu

samhengi. Við höfum þó séð dæmi frá útlöndum þar sem hjálparsamtök fara fram úr sér í kostnaði og senda aðeins brot af framlögum til verkefna. SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa frá upphafi verið rekin af mikilli ráðdeild og kostnaði haldið langt innan eðlilegra marka. Samanburður á fjármálum hjálparsamtaka er algengur erlendis en því miður er nánast ógerningur að bera saman fjármál þeirra samtaka hér á landi sem sinna hjálparstarfi í þróunarlöndum þó almenningur ætti að eiga kröfu á slíkum samanburði, sem og yfirvöld sem í auknum mæli styrkja verkefni samtakanna.

Við hvetjum styrktaraðila okkar til að kynna sér ársreikning okkar á [sos.is/sos-a-islandi/ffarmal](http://sos.is/sos-a-islendi/ffarmal) og hafa samband við skrifstofu okkar ef útskýringa er þörf.

Hógværar hækkanir

SOS Barnaþorpin eru alþjóðleg samtök og því þurfum við að virða ýmsar reglur og viðmið alþjóðahreyfingarinnar. T.d. er gert ráð fyrir því að mánaðarlegt framlag hvers styrktarforeldris sé ekki undir 25 Evrum og barnaþorpsvinnar ekki undir 20 Evrum. Við höfum lengi verið undir þessum lágmarkum en höfum þó reynt að vera sem næst þeim. Mjög hógværar hækkanir á síðustu árum skýrast af varfærni af okkar hálfu því við viljum gjarnan að sem flestir styrktaraðilar sjái sér fært að leggja okkur áfram lið í barnahjálparstarfi SOS.

Við erum þakklát þeim styrktaraðilum sem hækkað hafa framlög sín að eigin frumkvæði og munum á næstu vikum taka ákvörðun um það hvort við færum mánaðarleg framlög aðeins nær alþjóðlegum lágmarkum. Styrktaraðilar yrðu að sjálfsögðu látnir vita með fyrirvara ef til þess kæmi.

Með kærri þökk fyrir stuðninginn,
Ragnar Schram





SOS-MÆÐUR ÞURFA LÍKA ÁFALLAHJÁLPI

Fjöldi þeirra barna sem elst upp í SOS Barnaþorpum hefur orðið fyrir sálrænu áfalli áður en komið var í barnaþorpið og því þurfa SOS-mæðurnar og annað starfsfólk samtakanna að geta veitt börnunum áfallahjálpi. Í Kenía býr Paul Boyle en hann er sérfræðingur í áfallahjálpi og starfar m.a. fyrir SOS Barnaþorpin í nokkrum löndum Austur-Afríku. Hans hjálpi snýr þó ekki að börnunum heldur SOS-mæðrunum.

Paul segir að allar SOS-mæður þurfi að vera meðvitaðar um einkenni sálrænna áfalla. „Margar þeirra þurfa sjálfar að fá áfallahjálp áður en þær geta hjálpað börnunum,“ segir hann.

Paul hefur unnið með yfir 1.500 SOS-mæðrum í nokkrum löndum Afríku. Áður en kona getur orðið SOS-móðir og gengið munaðarlausum börnum í móður stað þarf hún að ljúka námi við Mæðraskóla SOS en þar kennir Paul einmitt eitt af skyldunámskeiðunum um áfallahjálp. Í kjölfar þess námskeiðs leita margar verðandi SOS-mæður til hans vegna áfalla sem þær sjálfar hafa orðið fyrir í lífinu. Einnig kemur hann að því að meta sálrænt ástand hvers umsækjanda um starf í SOS Barnaþorpum áður en viðkomandi hefur störf og hefur Paul áunnið sér mikið traust fyrir þá vinnu. Þá er mikið haft samband við hann frá starfsfólki barnaþorpa í A-Afríku og hann beðinn um að gefa fagleg ráð inn í krefjandi aðstæður.

Paul heldur því fram að sálræn áföll séu helsta einstaka ástæðan fyrir átökum í Afríku í dag. Fólk sem vill gefa af sjálfu sér til að tryggja velferð annarra á það til að verða fyrir áfalli þegar það upplifir gríðarlegt vonleysi og áhyggjur skjólstæðinga sinna. „Vandamálið er að fólk sem verður fyrir áfalli er oft í afneitun og vill ekki viðurkenna að það hafi orðið fyrir áfalli,“ segir Paul. „Fólk áttar sig ekki alltaf á því þegar það missir andlegt jafnvægi og tilfinningarnar, líkamsstarfssemin og mannleg samskipti fara úr skorðum. Þetta fólk á það til að draga úr samskiptum við annað fólk og fer að draga í efa ýmis gildi sem það áður hafði í hávegum.“ Af þessum ástæðum getur verið mjög erfitt fyrir SOS-móður að hjálpa þeim börnum sem hún hefur tekið að sér, hafi hún sjálf orðið fyrir áfalli. Fyrst þarf hún því að skilja hvernig hennar persónulega áfall hefur haft áhrif á hana áður en hún getur myndað heilbrigt og náð samband við börnin.

„Ég spyr skjólstæðinga mína aldrei hvað hafi gerst hafi þeir orðið fyrir áfalli,“ segir Paul. „Viðkomandi myndi þá endurupplifa það sem olli áfallinu og það myndi auka líkur á martröðum og auka álagið á hann.“ Þess í stað biður Paul skjólstæðinga sína um að meta hvernig áfallið og streitan hafa áhrif á daglegt líf þeirra. „Maður getur ekki breytt fortíðinni en maður getur lært að fyrirgefa og sleppt takinu á sársaukafullum minningum.“ Paul segir jafnframt að skjólstæðingurinn sjálfur sé að vissu leyti í hlutverki kennara þar sem meðferðaraðilinn læri svo mikið af reynslu hans.



Nýútskrifuð og stolt SOS-móðir með prófskríteinu.

Starf SOS-móður er mjög krefjandi og hún getur ekki kúplað sig frá börnunum þegar henni hentar, ekki frekar en aðrar mæður. Og þó svo að margar SOS-mæður séu giftar er ekki alltaf æskilegt að giftar konur sæki um starf SOS-móður þar sem giftar konur í Afríku eiga margar erfitt með að helga sig SOS-börnunum og eiginmönnum sínum. „Svo virðist sem konur sem lent hafa í áfalli laðist að starfi SOS-móðurrinnar. Áföllin geta verið vegna ofbeldis, makamissis, skilnaðar eða höfnunar,“ segir Paul. Hann telur að SOS Barnaþorpin þurfi að vanda vel valið á SOS-mæðrunum svo börnin upplifi von og öryggi í faðmi þeirra. „Þær konur einar sem komast í gegnum Mæðraskóla SOS og komist hafa yfir áföll fortíðarinnar geta orðið góðar SOS-mæður, myndað góðar fjölskyldur með börnunum og stuðlað að jákvæðum breytingum í lífi þeirra.“

Sjálfur er Paul skoskur og var kaþólskur prestur í 20 ár. Hann veit því hvernig það er að vera einstæður. „Ég hætti í prestskap vegna þess að mig langaði að giftast og lifa í nánú sambandi með eiginkonu. Einnig þráði ég mjög að eignast börn og ég hvet allar SOS-mæður til að finna sér einhvern til að elska. Heilbrigt og gott ástarsamband styrkir einstaklinginn og gefur honum von og hugrekki.“

Þetta mál er þó ekki einfalt og getur raunar verið mjög flókið. Því þarf að taka á því af mikilli skynsemi. „Afrískur eiginmaður getur almennt ekki búið í SOS Barnaþorpi ef hann er ekki húsbóndi á sínu heimili og getur ekki stjórnað fjármálum þess. Slíkt getur gengið upp í Evrópu en ekki í afrísku samhengi. Ég tel þó að það sé gott fyrir SOS-mæðurnar að vera í sambandi og verja frítíma sínum með þeim sem þær elska,“ segir Paul að lokum.

MYNDIR ÚR **SOS** **BARNABORPUNUM**




Skákkennsla í samfélagsmiðstöð SOS Barnabörpna í Idjevan í Armeníu.
Þangað geta öll börn komið, vilji þau kynna sér skákíþróttina.



Súpa á borðum í SOS Barnabörpinu
í Maracay í Venesúela.



Móðir og sonur gefa geitum sínum.
Fjölskylduefling SOS í Calcutta á Indlandi
er að hjálpa mæðginunum til sjálfshjálpar.



Þrjár vinkonur dansa saman undir berum himni í SOS Barnþorpinu í Canchungo í Gíneu Bissá.



Drengur vaskar upp á SOS-heimili sínu í Pskov í Rússlandi.



Líf og fjör í grunnskóla SOS í Gulu í Úganda. Skólinn var tekinn í notkun fyrr á þessu ári og var byggður að hluta til fyrir íslenskt fé.

HVERT FÓRU FRAMLÖGIN?

Í fyrra nutu þúsundir munaðarlausra og yfirgefinna barna í 106 löndum góðs af framlögum íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina.


















Alls námu framlög íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina 222 milljónum króna á síðasta ári en það er 16% aukning frá árinu 2011. Hver einasta króna fer úr landi og nýtist til að bæta líf barnanna og gefa þeim tækifæri sem þau fengju annars ekki.

Auk ofangreindra framlaga gátum við sent 66 milljónir króna í ýmis önnur verkefni á vegum SOS Barnaþorpanna í samstarfslöndum okkar. Stærsta slíka verkefnið er fjölskylduefning í Gíneu Bissá en það er fjármagnað af Skjólvinum og stjórnvöldum hér á landi. Önnur helstu verkefni á árinu 2012 voru neyðaraðstoð við flóttabörn í Suður Súdan, neyðaraðstoð í Eþíópíu, endurreisn barnaþorps á Haítí auk fleiri minni verkefna.

Hér á opnunni gefur að líta upplýsingar um framlög til þeirra landa sem fengu meira en eina og hálfá milljón króna frá íslenskum styrktaraðilum. Upplýsingar um framlög til allra landanna 106 má finna á heimasíðu okkar (www.sos.is/frettir/nr/1232).

Upplýsingar um framlög til fleiri landa má finna á www.sos.is.



 Indland	27.053.500	 Tæland	4.076.300	 Hondúras	3.077.200
 Eþíópía	7.716.050	 Malaví	3.977.400	 Rúanda	3.071.000
 Nepal	6.396.500	 Brasilía	3.963.700	 Filippseyjar	3.067.450
 Sambía	6.269.100	 Suður Afríka	3.802.900	 Srí Lanka	3.032.400
 Kenía	5.739.400	 Gana	3.694.362	 Kína	2.998.400
 Perú	5.435.700	 Bangladesh	3.651.600	 Úganda	2.967.600
 Botsvana	5.199.700	 Mexíkó	3.321.000	 Malí	2.911.300
 Chíle	4.950.000	 Tansanía	3.201.149	 Kambódía	2.856.800
 Bólívía	4.292.700	 Simbabve	3.093.900	 Búrúndí	2.762.100



23 Gambía	2.750.410	37 Gínea-Bissá	2.137.400	46 Síerra Leóne	1.680.800
29 Indónesía	2.537.400	38 Mósambík	2.104.800	47 Gvatemala	1.655.200
30 Víetnam	2.530.800	39 Rússland	2.030.100	48 Argentína	1.645.563
31 Venesúela	2.441.100	40 Níkaragva	1.913.500	49 Nígería	1.642.500
32 Benín	2.403.800	41 Haítí	1.880.100	50 Ekvador	1.624.900
33 Senegal	2.358.800	42 Króatía	1.873.700	51 Tsjad	1.620.900
34 Kólobmbía	2.303.300	43 Austur Kongó	1.835.000	52 Palestína	1.546.400
35 Marokkó	2.275.400	44 El Salvador	1.776.900		
36 Laos	2.147.800	45 Paragvæ	1.681.150		



Kristín og Fatou Dibba

ATBURÐARÁSIN SEM ENGINN SÁ FYRIR

Íslensk hjón heimsóttu styrktarbarn sitt til Gambú og úr urðu flóknari vináttubönd en þau sáu fyrir

Árið 2005 ákváðu íslensk hjón að bregða sér í frí til Gambú. Áður en þau lögðu upp í ferðina gerðust þau styrktarforeldrar tveggja ára munaðarlausrar stúlku sem fengið hafði heimili í SOS Barnaþorp í höfuðborg Gambú. Þau óraði ekki fyrir þeirri atburðarrás sem þá fór af stað.

Tæpum tveimur árum áður en hjónin Kristín Þórðardóttir og Sævar Örn Kristjánsson ákváðu að fara í þetta ferðalag ásamt tveimur vinahjónum var kornung stúlka skilin eftir á víðavangi í Bakoteh, höfuðborg smáríkisins Gambú í Vestur Afríku. Hún bættist þar

með í hóp um 17 milljóna barna sem njóta ekki uppeldis og umönnunar foreldra sinna. Foreldrarnir fundust aldrei og eftir að hafa velkst um í kerfi afríksk skrifræðis fékk stúlkan SOS-móður, systkini og heimili í barnaþorpinu á staðnum. Þegar

svo Kristín og Sævar ákváðu að styrkja barn í Gambú fengu þau þessa yndislegu litlu stúlku sem ber nafnið Fatou Dibba.

Ruslahaugur og barnaþorp

Og nú voru Kristín og Sævar komin til Gambú og vildu gjarnan heimsækja Fatou í barnaþorpið. Þeim leist hins vegar ekki á blikuna þegar þau keyrðu framhjá risastórum ruslahaugi í nágrenni barnaþorpsins þar sem sárafátækir borgarbúar voru að gramsa í ruslinu í leit að matvælum og einhverju verðmætu.

Það var svo önnur og betri sjón

sem blasti við þeim þegar þau komu í SOS Barnaþorpið. Enginn íburður en samt allt svo snyrtilegt og fullt af hreinum og ánægðum börnum, eins og Sævar lýsir því. Fatou Dibba var þá tæplega tveggja ára, tiltölulega nýflutt í barnaþorpið og var strax búin að mynda sterk tengsl við systkini sín. Hún eignaðist níu systkini við komuna í barnaþorpið og svo auðvitað SOS-mömmuna.

Þegar Íslendingarnir komu í heimsókn í barnaþorpið var SOS-móðir Fatou ekki á staðnum. Hún hafði þurft að bregða sér á markaðinn. Aðstoðarkona hennar annaðist heimilið á meðan og tóku gestirnir eftir því hve dugleg eldri systkinin voru að annast Fatou litlu. Þau héldu á henni og sinntu af mikilli ástúð og greinilegt var að Fatou var mjög tengd eldri bræðrum sínum og sótti mjög í þá.

Heimsóknin í barnaþorpið stóð í nokkrar klukkustundir og Sævar lýsir henni sem mikilli upplifun. „Ég er svo heppinn að hafa farið út í að styrkja þessa stúlku. Þetta er bara allgjör snilld og fólkið í þorpinu var yfirmáta þægilegt og greinilegt að börnunum leið vel.“ Íslendingarnir gáfu börnunum gjafir og skoðuðu þorpið allt, bæði heimili og útisvæði. Þeim kom nokkuð á óvart hve umfangsmikið starf er rekið á staðnum en auk barnaþorpsins reka SOS samtökin leikskóla, grunnskóla og verknámsskóla á staðnum. Allir þessir skólar eru opnir börnum og ungmönnum í næsta nágrenni barnaþorpsins.

Maðurinn í hjólastólnum

Eftir heimsóknina í barnaþorpið fór af stað atburðarás sem enginn sá fyrir og enn sér ekki fyrir endann á. Hjónin hittu ungan mann í hjólastól og gáfu þau sig á tal við hann en mikið er um fatlað og fátækt fólk í borginni og eru margir að betla. Ungi maðurinn,



Bajula Norba við sölubásinn á ströndinni

Bajula Norba, hafði fengið lómunarveiki ungur að árum og áttu Kristín og Sævar gott samtal við hann. Bajula reyndist mjög kurteis og var ekkert að biðja um pening. Hann sagði þeim m.a. að hann færi niður að ströndinni á hverjum morgni og að sú ferð tæki hann um einn og hálfan tíma hvora leið.

„Ég spjallaði við Bajula daglega á meðan við vorum þarna í borginni og gaf honum smá pening,“ segir Sævar. „Svo keyrði ég hann svolítið um í hjólastólnum.“ Sævar heillaðist af þessum hógværa, lífsglaða fatlaða manni sem alltaf var hreinn og snyrtilegur þrátt fyrir mikla fátækt.

Áður en Íslendingarnir yfirgáfu landið fékk Sævar símanúmerið hjá Bajula og var svo í sambandi við hann eftir heimkomuna til

Íslands. Hann fór svo að senda honum litlar gjafir á borð við boli, skyrtnur, húfur o.fl. Einnig sendi hann honum pening, fyrst í pósti en síðar í gegnum bankakerfið. Sævar leggur þó áherslu á að allt sé þetta að sínu frumkvæði þar sem Bajula hafi aldrei beðið um nokkurn skapaðan hlut frá þeim hjónum.

Styrktarbarnið og Bajula kynnast

Fyrir þremur árum lenti Bajula svo á spítala eftir að hafa lent í árekstri við bíl á einu ljósastýrðu gatnamótunum í allri Gambíu. Hjólastóllinn skemmdist og Bajula var lagður inn og lét Sævar og Kristínu vita um ófarir sínar. Þau ákváðu þá að hjálpa honum og greiða sjúkrahúskostnaðinn fyrir hann.

Svo var það einhvern daginn að Kristínu og Sævari datt í hug að



Sævar, Bajula Norba og Kristín

biðja Bajula um að fara með gjöf til styrktarbarns þeirra í barnaþorpinu. Það gerði hann með miklum sóma og þar með mynduðust tengsl á milli Bajula og litlu Fatou Dibba. Ferðir Bajula í barnaþorpið urðu fleiri og er hann nú ekki aðeins góður vinur litlu stúlkunnar heldur alls starfsfólks SOS Barnaþorpsins.

Fyrir tveimur árum giftist svo Bajula ástinni sinni, Sally Norba, og í dag eiga þau eina litla dóttur sem fékk nafnið Fatoumata Norba en Fatou nafnið er gefið elstu dóttur. Fatou Dibba hefur hitt fjölskyldu Bajula og ríkir mikil vinátta á milli hennar og þessarar litlu fjölskyldu. Því má með sannri segja að sú ákvörðun Kristínar og Sævars árið 2005 að gerast styrktarforeldrar umkomulausrar stúlku í Gambíu hafi sett af stað atburðarás sem enginn sá fyrir.

Vinátta

Kristín og Sævar héldu áfram að styrkja Fatou Dibba og vera í góðu sambandi við Bajula. Þau hjálpuðu honum m.a. að koma upp og borga leyfi fyrir lítinn sölubás við ströndina. Þau senda honum pening 3-4 sinnum á ári sem dugar til að kaupa ársbirgðir af hrísgrjónum fyrir fjölskylduna.



Bajula Norba og fjölskylda ásamt Fatou Dibba og SOS-móður hennar

dóttur. Hann rekur sölubásinn við ströndina og aflar heimili sínu þannig tekna. Hann er enn í mjög góðu sambandi við Sævar og biður Bajula og öll hans fjölskylda fyrir velgjörðarfólki sínu á Íslandi í öllum fimm bænum sínum á dag en allir fjölskyldumeðlimir eru múslímar. Sævar segir að þau hjónin hafi oft rætt hvernig þau gætu komist yfir góðan hjólastól fyrir Bajula og að það sé honum ofarlega í huga að útvega honum nýjan stól í minningu Kristínar en hjólastóllinn sem Bajula notar nú fer mjög illa með hann enda gamall margviðgerður stóll með sæti úr segldúk.

Fatou Dibba er nú níu ára og líður vel í barnaþorpinu. Hún fær öllum þörfum sínum mætt og henni eru allir vegir færir í lífinu.

Sævar vonast til að geta heimsótt Bajula og Fatou Dibba sem fyrst og styrkt góða vináttu enn frekar.



Fatou Dibba ásamt bræðrum sínum í SOS Barnaþorpinu

ERFDAGJÖF TIL SOS

SOS Barnaþorpunum á Íslandi hefur borist erfðagjöf eftir Önnu Kristínu Ragnarsdóttur (f. 1942) en hún lést á Spáni árið 2010. Anna hafði gert erfðaskrá þar sem fram kom að SOS Barnaþorpin skyldu erfa hana og nýta andvirðið með þeim hætti sem kveðið er á um í erfðaskrá en Önnu heitinni var mjög umhugað um munaðarlaus börn og stöðu þeirra.

Stofnaður hefur verið sjóður í nafni Önnu og mun stjórn

samtakanna ráðstafa úr honum í samræmi við óskir Önnu. Þá erfðu samtökin eftir hana litla íbúð á Orihuela Costa á Spáni sem nú er til sölu.

Anna var mikill bókaunnandi og hafa bækur úr dánarbúi hennar verið gefnar til íslenskra bókasafna á Spáni.

Fjöldi velviljaðra einstaklinga hefur liðsinnt SOS Barnaþorpunum í þessu máli enda skrifræði meira á Spáni en menn eiga að venjast á Fróni og er þeim hér með þakkað af alúð fyrir velvilja og góða aðstoð.



Anna Kristín Ragnarsdóttir

SOS Barnaþorpin á Íslandi eru afar ánægð með það traust sem Anna Kristín sýndi samtökunum og munu ráðstafa gjöfinni í fullu samræmi við hennar hinsta vilja. Þeim sem vilja kynna sér erfðagjafir til samtaka á borð við SOS er bent á að hafa samband við næsta sýslumann, lögmann eða skrifstofu SOS Barnaþorpanna á Íslandi.

AUÐUR CAPITAL STYRKIR SOS



Ulla Magnússon ásamt Guðrúnu Pétursdóttur stjórnarformanni AlheimsAuðar og dóttur eins starfsmanns bankans sem aðstoðaði við úthlutun styrkja. (Ljós. Auður Capital)

Stjórn Styrktarsjóðs Auðar Capital, AlheimsAuðar, hefur ákveðið að veita SOS Barnaþorpunum styrk að upphæð ein milljón króna til Fjölskyldueflingar samtakanna í Gíneu Bissá. Verkefnið gengur m.a. út á að hjálpa einstæðum mæðrum út á vinnumarkaðinn og til sjálfshjálpar.

Tilkynnt var um styrkinn á kvenréttindadeginum 19. júní sl. og tók þá Ulla Magnússon stjórnarformaður SOS Barnaþorpanna við honum fyrir hönd skjólstæðinga okkar í Gíneu Bissá.

Verkefnið er að fullu fjármagnað af SOS Barnaþorpunum á Íslandi. Auk áðurnefnds styrks frá AlheimsAuði hefur utanríkisráðuneytið veitt styrk til þess. Þá renna framlög Skjólvína okkar til þessa sama verkefnis.

SOS Barnaþorpin á Íslandi þakka stjórn AlheimsAuðar, starfsfólki fyrirtækisins og viðskiptavinum þann velvilja og traust sem SOS Barnaþorpunum er sýnt með styrkveitingu þessari.



Nýr grunnskóli í Úganda

Fyrir á þessu ári var nýr grunnskóli SOS Barnaþorpanna tekinn í notkun í Gulu í Úganda. Skólinn var meðal annars fjármagnaður með fé frá utanríkisráðuneyti Íslands og af frjálsum framlögum styrktaraðila hér á landi.

Í nýja skólanum stunda 280 nemendur nám í 1. – 10. bekk. Um þriðjungur nemenda eru munaðarlaus og yfirgefin börn sem fengið hafa heimili í SOS Barnaþorpinu í Gulu en tveir þriðju

hlutar nemenda eru börn sem búa í nágrenni SOS Barnaþorpsins. Með tilkomu grunnskólans er ætlunin að þeim nemendum sem útskrifast úr 10. bekk fjölgi í Gulu, en brottfall nemenda þar hefur verið gríðarlega mikið í þeim skólum sem fyrir eru á svæðinu. (Árið 2008 stóðust aðeins 7.8% nemenda 1. bekkjar í Gulu prófin og 0.08% í héraðinu öllu.)

SOS ungmenni fær skólastyrk í Harvard

Margt ungmennið á sér þann draum að fá að stunda nám við Harvard háskólann í Bandaríkjunum enda er hann einn af virtustu skólum heims. Sá draumur er nú orðinn að veruleika fyrir ungan eþíópískan mann sem ólst upp í SOS Barnaþorpi sökum þess að hann var foreldralaus.

Mekidem Tamirat er tvítugur. Eftir að skólaskyldu lauk í Eþíópíu fór hann í alþjóðlegan framhaldsskóla SOS Barnaþorpanna í Gana. Og nú er hann kominn inn í Harvard á fullum skólastyrk, nokkuð sem margir þrjá.

Í bréfi frá Mekidem segir: „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á raunvísindum og tók þátt í fjölda stærðfræðikeppna í skólanum mínum og heimabæ. Ég var alltaf með mjög góðar einkunnir í stærðfræði. Í háskólanáminu langar mig að sinna ýmsum rannsóknarstörfum. Og þar sem stærðfræðikunnátta mín getur nýst í svo mörgu geri ég ráð fyrir að geta valið úr fjölda tækifæra þegar námi lýkur. Ég er ekki búinn að ákveða hvert verður mitt aðalfag en líklega verður það eldflaugaverkfræði eða hagnýt stærðfræði.“

Þá segir hann í bréfinu: „Ég er svo ótrúlega þakklátur SOS Barnaþorpunum fyrir að hafa gefið mér þetta tækifæri í lífinu. Þegar ég var í framhaldsskólanum í Gana var það eitt af markmiðum mínum að komast á námsstyrk í Harvard og nú hefur það markmið náðst. En ég trúi því að árangur sé vegferð en ekki áfangastaður og þess vegna mun ég halda áfram að gera mitt besta og ná fleiri markmiðum.“





KATA OG HJÓLASTÓLLINN

Í síðasta fréttablaði okkar sögðum við frá Fjölskylduefingu SOS í Gíneu Bissá en þar nýtist íslenskt fé við að hjálpa sárafátækum barna-fjölskyldum til sjálfs-hjálpar. Í frásögninni var minnst á einstæðu móðurina Öldu sem á fimm börn, þar af eina fatlaða dóttur.

Við skulum kalla dótturina Kötú. Þegar Kata var þriggja ára veiktist hún alvarlega og lamaðist í kjölfarið. Pabbi hennar átti erfitt með að sætta sig við stöðu mála og heimtaði að fjölskyldan losaði sig við Kötú litlu. Móðirin gat alls ekki sætt sig við slík málalok og fór maðurinn þá fram á skilað.

Skyndilega var móðir Kötú orðin heimilislaus, einstæð móðir með fimm börn, þar af eitt fatlað. Hún leitaði víða að húsaþjóni og fékk að lokum að koma sér og börnunum fyrir í einu herbergi. Þar eyddi Kata litla flestum stundum liggjandi á fleti.

Lífsbarátta fjölskyldunnar var mjög hörð og ekki alltaf matur á borðum. Þegar móðurinni bauðst hjálp frá Fjölskylduefingu SOS Barnaþorpanna þáði hún hana með þökkum og í dag stundar hún viðskipti með góðum árangri. Innan tíðar mun hún verða fjárhagslega sjálfstæð og geta mætt þörfum allra í fjölskyldunni án utanaðkomandi aðstoðar.

En Kata þurfti sértæk úrræði. Hún þurfti hjólastól. Þegar fulltrúi SOS á Íslandi heimsótti skjól-stæðinga verkefnisins í febrúar (verkefnið er að fullu fjármagnað héðan) var ákveðið að stúlkan fengi hjólastól. Stóllinn var




pantaður frá Senegal og það var mikil gleði á heimili Kötú þegar hún fékk loks stóllinn. Nú getur móðir hennar tekið hana með sér út um allar trissur og stúlkan fær að sjá mannlífið og upplifa sig sem manneskju.

En fjölskylda Kötú er aðeins ein af 120 fátækum fjölskyldum sem njóta stuðnings verkefnisins. Hver fjölskylda fær sérsniðna hjálp og markmiðið er alltaf það sama; að fjölskyldan hafi fyrirvinnu og verði fjárhagslega sjálfstæð.


Þú getur hjálpað fátækum barna-fjölskyldum til sjálfshjálpar með því að gerast Skjólvinur SOS á www.sos.is.

Úr ársreikningi SOS Barnaporpanna 2012

Hvaðan komu framlögin?



Í hvað fóru framlögin?



Árið 2012 námu framlög til SOS Barnaporpanna á Íslandi um 350 milljónum króna. Á bls. 8 - 9 má sjá til hvaða landa framlögin fóru. Hægt er að skoða ársreikning okkar á heimasíðunni www.sos.is.